

26. septbr. 1860. Og með því sekt sú, sem þeim er gjörð fyrir undirdómi, virðist hæfilega metin, og yfirdómurinn einnig verður að fallast á ákvæði undirdómsins að því til málskostnaðar kemur, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir atvikum eiga hinir kærðu og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 krónur til hvors þeirra, og greiði hinir ákærðu þriðjung hans hver. —

Rekstur málsins í hjerði og sókn og vörn í því við yfirdóminn hefur verið lögmæt. —

Því dæmist rjett að vera :

Undirdómurinn í þessu máli á að vera óraskaður. Hinum kærðu ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, að þriðjungi hver, þar með talin málsfærslulaun til sóknara og svaramanns við yfirdóminn, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum. —

Mánudaginn 25. febrúárman.

Nr. 36/1883

Valdimar Ásmundsson
gegn
Gesti Pálssyni.

D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi

Reykjavíkur 13. dag septembermán. f. á. í máli, er ritstjóri Gestur Pálsson hafði höfðað á hendur barnakennara Valdimar Ásmundssyni útaf meiðyrðum, var hinn síðarnefndi dæmdur í 50 kr. sekt til lands-sjóðs, eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin ekki yrði greidd í ákveðinn tíma. Voru hin átöldu meiðyrði dæmd dauð og marklaus, og Valdimar Ásmundssyni gjört að greiða í málskostnað til Gestis Pálssonar 10 krónur.

Þessum dómi hefur Valdimar Ásmundsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 11. október f. á., og þar krafzt, að bæjarþingsdóminum verði hrundið og breytt þannig, að hann verði með öllu sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda, en hinn stefndi skyldaður til að greiða sjer hæfilegan málskostnað eptir mati rjettarins. En til vara hefur hann krafzt, að málinu verði vísað frá fyrir þá sök, að umbeðinn frestur til vitnaleiðslu fyrir undirrjetti hafi ekki verið veittur. Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, Gestur Pálsson, krafzt, að bæjarþingsdómurinn verði staðfestur, og sjer dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Að því snertir varakröfu áfrýjanda, þá er hvortveggja, að hún sem varakrafa er móthverfrjettum rjettararfsreglum, enda hefur úrskurði þeim, er gefið hefur áfrýjanda tilefni til þessarar kröfu, ekki verið sjerstaklega áfrýjað, og verður því kröfu þessari enginn gaumur gefinn.

Orð þau, sem hinn stefndi hefur álitid sem meiðandi fyrir sig, eru rituð í brjefi til hans frá áfrýjanda, dags. 16. júlímán f. á., og eru þessi; „og vona jeg, að þjer eigi lengur svikist um að skila mjer þeim“,

c: tveim ritgjörðum, er hinn stefndi hafði til yfirlesturs frá áfrýjanda, og „eða stolið frá mjer ritgjörðum“ og enn fremur: „Helzt gæti maður ímyndað sjer, að þeir mundu freistast til þess, sem fyr meir hafa stolið bókum á Gardi“.

Yfirdómurinn verður að vera undirdómaranum samdóma um, að orð þessi sjeu meiðandi fyrir hinn stefnda, ekki sízt, þegar tekið er tillit til skýringa þeirra á þeim, sem áfrýjandi hefur komið fram með bæði í varnarskjali sínu fyrir bæjarþingi og í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdómi, og með því sekt sú, sem undirdómarinn hefur gjört áfrýjanda að greiða, virðist hæfilega metin, og yfirdómurinn einnig verður að fallast á ákvæði undirdómsins að því til málskostnaðar kemur, ber að staðfesta hinn áfrýjaða bæjarþingsdóm. —

Samkvæmt þessum úrslitum málsins ber áfrýjandanum einnig að endurgjalda hinum stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er skal ákveðinn 12 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur á að vera órakaður. Áfrýjandinn Valdimar Ásmundsson, greiði hinum stefnda, Gesti Pálssyni, málskostnað fyrir yfirdómi með 12 kr.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum. —